

Ed.

242. Nefndarátt

um frumvarp til laga um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að það nái samþykki deildarinnar, þar sem aðstaða okkar þykir ekki leyfa að taka upp tilkynningarregluna, og ekki virðist fyrst um sinn þörf á að setja ýtarlegri lagareglur um þessi efni en gert er í frv. stjórnarinnar.

Lætur nefndin sjer því nægja til skýringar að koma fram með svo feldar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr:

a. Orðin »eða upphugsunum« falli niður.

b. 3. tölul. orðist svo:

3. nýfundnum læknislyfjum, neytsluefnum eða nautnar.

Einkaleyfi má þó veita fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slakra hluta.

- c. Orðið »uppgötvun« i 6. málsg. falli niður á síðari staðnum.
2. Við 3. gr.:
- a. Fyrri másl. 1. málsg. orðist svo:
Uppgötvvari einn hefir rjett til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er lög-
lega hefir eignast rjett hans.
- b. 3. málsg. falli niður.
3. Við 4. gr.:
- a. Fyrir orðin i fyrri málsg. »og er talið« komi:
að telja.
- b. Í stað orðanna i síðari málsg. »og líður þá á enda« komi:
og rennur það út.
4. Við 6. gr.:
- a. Orðin i fyrri málsgrein »að kalla« falli niður.
- b. Síðari málsg. orðist svo:
Nú hefir maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni
var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang
á einkaleyfirjett (sbr. 20. gr.), svo framarlega sem honum, er hann
tók að nota uppgötvunina, hefir verið kunnugt um, að einkaleyfisbeiðni
hafði verið borin upp, eða hann haldið því áfram eftir að hann varð
þessa visari. Nú hefir auglýsing verið birt (sbr. 13. gr.), og skal þá
hafa fyrir satt, að alkunnugt sje, að beiðnin hafi verið borin upp.
5. Við 8. gr.:
- a. Í stað orðsins i 1. málsg. »mega« komi:
hafa rjett til að.
- b. Milli orðanna i 2. málsg. »honum« og »skylt« komi:
þá.
6. Við 10. gr.:
- Orðið »umbeðið« i síðustu málsg. falli niður.
7. Við 11. gr.:
- a. Í stað orðsins »fundingarmaður« i 1. málsg. komi:
uppgötvvari.
- b. Fyrir »sina beiðni« i 3. málsg. komi:
sina beiðnina.
8. Við 12. gr.:
- a. Fyrir »Beiðninni skal« komi:
Einkaleyfisbeiðni skal.
- b. Fyrir »Reykjavíkurbæjar« komi:
Reykjavíkur.
9. Við 13. gr.:
- Í stað orðanna »hjá ráðuneytinu almenningi til sýnis« komi:
til sýnis almenningi á þeim stað, er ráðuneytið til tekur.
10. Við 14. gr.:
- Fyrir »bága« komi:
bág.
11. Við 17. gr.:
- Fyrir orðin »Heimilt er hverjum og einum« i síðustu málsg. komi:
Hverjum manni er heimilt.

12. Við 18. gr.:
Fyrir orðin »ætlað er að flytja« komi:
flytur.
13. Við 20. gr.: Síðari málsgreinin orðist svo:
Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrjett, skal auk þess sæta sekt-
um, alt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er itrekað, alt að 4000
kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í rikissjóð.
14. Við 21. gr.:
Fyrir orðin »var framinn« komi:
átti sjer stað.
15. Við 23. gr.:
a. Við 1. málsg. fyrri másl. Fyrir orðin: »hafi verið lýst« o. s. frv. komi:
hafi á því tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1.
greinar.
b. Við 1. tölul.:
Fyrir orðin »hafi verið lýst svo á nefndu tímabili« komi:
hafi á nefndu tímabili verið lýst.
c. Við 2. tölul. Orðið: »hinna« falli niður.
16. Við 24. gr.:
Fyrir orðin »fyrirkomulag þeirra« komi:
fyrirkomulag einkaleyfisbrjefa.

Alþingi, 31. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson,
formaður.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari.

Magnús Torfason,
ritari.